

Guðný Zoëga

Fornleifarannsókn á kolagröf í landi Ytra-Hóls í Fnjóskadal



Bygðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2019/224

Forsíðumynd: Horft til norðausturs yfir framkvæmasvæði og kolagröf.



© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2019/224

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Rannsókn 2019.....	3
Aðferðarfræði.....	4
Uppgröftur á Kolagröf	5
Lýsing jarðlaga í skurði.....	5
Gripir/sýni	6
Samantekt.....	6
Heimildaskrá	7

Inngangur

Að beiðni Arctic Hydro tók Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga að sér uppgröft á kolagröf sem var á framkvæmdasvæði pípulagnar vegna framkvæmda við Hólsvirkjun í Fnjóskadal. Fornleifaskráning hafði farið fram vegna deiliskipulags væntanlegrar Hólsvirkjunar¹ og voru þar skráðar nokkrar kolagrafir í og við framkvæmdasvæðið. Í bréfi dagsettu 06.04.2019 (Málsnr. MÍ 201905-0102) gerði minjavörður Norðurlands eystra kröfu um að ein kolagrafanna yrði rannsökuð með könnunarskurði og kolasýni tekið úr henni.


Tengiliður verkkaupa var Skírnir Sigurbjörnsson.

Rannsóknin fór fram á vettvangi 1. ágúst 2019. Vettvangsvinna og skýrslugerð var í höndum Guðnýjar Zoëga en til aðstoðar á vettvangi var Svavar Níelsson fornleifafræðingur.

Rannsóknarnúmer Minjastofnunar Íslands: 201906-0048

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns Íslands: 2019-57

¹ Kristborg Þórsdóttir (2016). *Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Hólsvirkjunar II*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands FS625-12052



Mynd 1. Yfirlitsmynd af legu kolagrafa í landi Ytra-Hóls. Gröfin sem könnuð var er númer 073 á kortinu. Mynd: Efla. Verkræðistofa.

Rannsókn 2019

Býlið Ytri-Hóll er utarlega í Fnjóskadal, austan Fnjóskadalsár. Umfjöllun um sögu bæjarins og minjar á svæðinu er að finna í skráningarskýrslu Kristborgar Þórsdóttur frá 2016.² Nokkrar kolagrafir eru í landi Ytra-Hóls um 130m ofan og austan Fnjóskadalsvegar eystri (835) og um kílómetra norðvestur af bænum á Ytra-Hóli. Í skýrslu Kristborgar hafa þær númerin 109:058, 109:059, 109:060, 109:061, 109:162, 109:063, 109:068, 109:070, 109:071, 109:072, 109:073.

Allar grafirnar voru mjög nærri eða á framkvæmdasvæðinu og ljóst að einhverjar þeirra hyrfu við framkvæmdir. Samkvæmt kröfu minjavarðar átti að kanna eina grafanna með könnunarskurði til að athuga aldur hennar og einnig að taka sýni af kolum úr gröfinni. Þegar komið var á vettvang var búið að grafa djúpan aðrennslisskurð fyrir þrýstipípu að stöðvarhúsi og leggja veg á svæðinu. Af þeim kolagröfum sem enn voru til staðar varð gröf 073 (sjá mynd 1) fyrir valinu þar sem borkjarni benti til að hún væri heppileg með tilliti til jarð- og gjóskulaga.

Gröfin er með númerið SP-109:073 í skýrslu Kristborgar Þórsdóttur (bls. 27) og þar segir: „Kolagröf er suðvestan undir lágum bakka eða brún gróins lækjargils. Gröfin er 1,1 km norðvestan við bæ 001. Hún er 5 m norðan við miðlínu þrýstipípu fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar

² Kristborg Þórsdóttir, 2016, bls. 12-27.



Mynd 2. Horft til norðausturs yfir framkvæmdasvæðið. Stika sem sjá má framan við moldarbing ofan við miðju myndar merkir legu kolagrafarinnar.

og telst því í stórhættu vegna framkvæmda. Kolagröfin er á flatlendu og grasi grónu svæði í lækjargilinu þar sem það breikkar til vesturs. Til norðurs vex fjalldrapi á gilbarminum en á flatlendinu vex gras og víðirunnar. Á kolagröfinni vex elfting og fjalldrapi. Gröfin er ríflega 1 m í þvermál innanmáls. Greinilegur kragi myndar hálfhring suðvestan við hana. Hún er ekki dýpri en 0,3 m. Gröfin er vel gróin“.

Aðferðarfræði


Grafinn var könnunarskurður og tvö snið, suður skammsnið og vestur langsnið voru ljósmynduð, teiknuð upp og þeim lýst. Við aldursgreiningu var stuðst við gjóskugreiningu Magnúsar Sigurgeirssonar vegna uppgrafter að Skógum í Fnjóskadal 2012.³ Áður var búið að hnitsetja gröfina við fornleifaskráningu. Sniðteikningu og ljósmyndaskrá er að finna aftast í skýrslu.

³ Magnús Sigurgeirsson, greinargerð í viðauka við skýrsluna *Skógar í Fnjóskadal*. Fornleifarannsókn 2011-2012.

Uppgröftur á Kolagröf

Lega ISN93: A550560 N595759

Gröfin lá um 4m norður af lagnaskurðinum og var að hluta hulin uppmokstri úr honum. Hún var merkt með tréstiku. Skurðurinn var tekinn í áttina norður-suður. Hann var 1m að lengd og 50cm breiður. Í suðurenda var dýpt skurðar 80cm er 90cm í norðurenda. Í skurði komu fram vel afmörkuð jarðlög með glöggum gjóskulögum sem nýttust til aldursgreiningar.



Mynd 3. Ljósmynd sem sýnir jarðlög í suðursniði skurðar. Gjóskulög eru merkt inn vinstra megin á mynd.

Lýsing jarðlaga í skurði

Jarðlögum er lýst frá græsrot og niður að skurðbotni (sjá mynd 3), auk þess sem ítarleg sniðteikning er í viðauka aftast í skýrslu. Efst var um 10cm þykkt græsrotarlag [101] en undir því um 20cm þykkt einsleitt fokmoldarlag [102]. Neðarlega í því var þunn linsa af kolum, líklega áfok, í suðurenda skurðar. Neðan [102] lagsins var um sentimetra þykk grágræn gjóska sem lá yfir öllum mannvistarlögum í skurðinum. Gjóskulagið líkist lagi sem á Skógum var greint sem gjóska úr Veiðivötnum frá 1477. Neðan gjóskunnar var rótað 3-15cm þykkt jarðvegslag [103] með kolalinsum og flekkjum af gulri forsögulegri gjósku (H3). Neðan þess var 2-9cm þykkt kolalag [104] sem tengst hefur kolagerðinni. Undir því var svo rótað rauðleitt

moldarlag [105], um 6cm þykkt í suðursniði en allt að 40cm þykkt í niðurgreftri í norðanverðri gröfinni, með koladreif og flekkjum af H3. Undir þessu lagi [105] í syðri helmingi skurðar var hvítt gjóskulag úr Heklu frá 1104. Lagið sást í þremur hliðum skurðar undir mannvistarlögum en var mjög þunnt og slitrótt á köflum. Í suðurenda skurðar komu fram náttúruleg jarðlög undir 1104 gjóskunni, einsleit mold [106] sem lá ofan á dökkri gjósku, líklega Landnámssyrpunni. Neðan þess voru svo náttúruleg lög [107]. Fyrir miðjum skurði kom fram niðurgroftur, um 40cm djúpur, hin eiginlega kolagröf. Hún var skorin í gegnum H1104 gjóskuna en Vv1477 gjóskan lá fyrir jarðlögum [103, 104 og 105] sem fylltu gröfina. Undir rótuðu lagi [105] var á um 45cm löngum kafla, botn kolagrafarinnar og var þar um 3cm þykkt þjappað kolalag [108] sem í voru stærri bútar af koluðum viði. Sýni var tekið úr þessu lagi.

Túlkun: Kolagröfin hefur verið í notkun einhvern tímann á tímabilinu 1104-1477. Kolavinnsla hefur verið á svæðinu eftir þann tíma en þessi gröf hefur verið aflögð fyrir miðja 15. öld.

Gripir/sýni

Engir gripir fundust við rannsóknina en tekið var kolasýni úr botni grafarinnar. Sýnið hefur númerið 2019-57-001.

Samantekt

Fornleifarannsóknin sýndi fram á að kolagröfin hefur verið í notkun einhvern tímann milli 1104-1477, líklega á fyrri hluta tímabilsins. Vera kann að hún hafi verið notuð oftar en einu sinni. Gjóskan frá 1477 lá yfir bæði rótuðum jarðlögum í kolagröfinni sjálfri og uppmokstri úr henni. Rannsóknir fornra járnvinnsluleifa í Fnjóskadal hafa sýnt fram á að þar var umfangsmikil járnvinnsla og kolagerð, allt frá landnámi og fram á miðaldir. Það má því reikna með að kolagrafirnar á svæðinu geti verið frá ýmsum tímum. Ummerki voru um koladreif ofan 1477 gjóskunnar sem staðfestir að enn hafi verið gert til kola á svæðinu eftir þann tíma.

Engar frekari fornleifarannsóknir eru áætlaðar á svæðinu.

Heimildaskrá


Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga (2013). *Skógar í Fnjóskadal. Fornleifarannsókn 2011-2012*. Rannsóknarskýrslur Byggðsafns Skagfirðinga 2013/140. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Magnús Á. Sigurgeirsson (2012). *Fornleifarannsókn á Skógum í Fnjóskadal 2012. Gjóskulagarannsókn*. Viðauki í skýrslu Guðmundar St. Sigurðarsonar og Guðnýjar Zoëga, *Skógar í Fnjóskadal. Fornleifarannsókn 2011-2012*. Rannsóknarskýrslur Byggðsafns Skagfirðinga 2013/140. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Kristborg Þórsdóttir (2016). *Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Hólsvirkjunar II*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands FS625-12052

Fylgiskjöl

Ytri-Holl í Fnjóskadal
 Sniðteking úr kolagröf /suður og vestursnið
 01.07.2019
 GZ, SN



[101] Grasnót



[105] Rótuð mold með koladreif og H3



[102] [106] [107]
Öhreyft



[104][108] Kolalag



[103] Uppkast, rótaður
jarðvegur með
H3 og kolum

Uppgröftur á kolagröf í landi Ytra-Hóls, Fnjóskadal - Ljósmyndaskrá

Nr.	Dags.	Teg.	ID	Býli/svæði	Lýsing	Horft í
Hólsvirkjun_1	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Suður skammsnið í skurði - jarðlög	S
Hólsvirkjun_2	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Suður skammsnið í skurði - jarðlög	S
Hólsvirkjun_3	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Suður skammsnið í skurði - jarðlög	S
Hólsvirkjun_4	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Suðaustur horn skurðar- jarðlög	SA
Hólsvirkjun_5	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Austur snið skurðar - jarðlög	A
Hólsvirkjun_6	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Austur snið skurðar - nærmynd af jarðlögum.	A
Hólsvirkjun_7	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Suðvestur horn skurðar - jarðlög	SV
Hólsvirkjun_8	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Yfirlitsmynd af legu skurðar	SV
Hólsvirkjun_9	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Vestur sniði skurðar - jarðlög	V
Hólsvirkjun_10	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Afstaða milli H1104 og Landnámsgjósku í norðaustur horni skurðar	NA
Hólsvirkjun_11	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Yfirlitsmynd af legu skurðar, Svavar Níelsson stendur við norður enda skurðar	NA
Hólsvirkjun_12	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Yfirlitsmynd af yfirborði skurðar	NA
Hólsvirkjun_13	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Yfirlitsmynd af skurði eftir frágang	NA
Hólsvirkjun_14	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Yfirlitsmynd af skurði eftir frágang - stika markar skurð	NA
Hólsvirkjun_15	1.7.2019	JPG	GZ	Ytri-Hóll, Fnjóskadal	Yfirlitsmynd af skurði eftir frágang - stika markar skurð	NA